

unarhúss-vinnu í 2 ár og 6 mánuði, og greiða iðgjöld til Sigurgeirs Sigurðssonar á Öngulstöðum 6 kr. 50 aur., til Solveigar Brynjólfsdóttur á Merki-gili 6 kr. 50 aur., og til Valgerðar Sigurðardóttur á Akureyri 6 kr. 50 aur. Um málskostnað í hjeraði skal hjeraðsdóminum óraskað. Svo greiði og hinn ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningislaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvembermán.

Nr. 43/1887.

Valdimar Ásmundarson
gegn
Gesti Pálssyni.

D ó m u r :

Í 8. tölublaði »Fjallkonunnar«, sem út kom hinn 18. marzmán. þ. ár, er meðal auglýsinga prentaður nafnlaus kviðlingur með hundsmynd yfir og fyrirsögninni »Grafskript«. Kviðlingur þennan áleit hinn stefndi, Gestur Pálsson, stílaðan til sín og blaðsins »Suðra«, sem hann hafði gefið út, en þá fyrir skömmu var liðið undir lok, og með því að hann áleit hann mjög meiðandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrða-mál gegn áfrýjandanum,

ritstjóra »Fjallkonunnar«, Valdimar Ásmundarsyni, og var sök þeirri ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur-kaupstaðar, upp kveðnum 14. júlí p. ár, á þá leið að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða 80 kr. sekt í landsjóð, eða sæta einföldu fangelsi í 24 daga, ef sektin eigi yrði greidd í ákveðinn tíma, hinn átaldi kviðlingur var í heild hans dæmdur ómerkur, og áfrýjandinn skyldaður til að greiða 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefur ritstjóri Valdimar Ásmundarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. júlím. p. á., og gjört þær rjettarkröfur, fyrst og fremst, að bæjarþingsdómurinn verði dæmdur ómerkur, málinu vísað heim og undirdómaranum fyrir lagt að taka það fyrir af nýju, setja það í það ástand, er það var hinn 23. júním. síðastl., þá er áfrýjanda var neitað um frest í málinu, og síðan veita honum hinn umbeðna frest, en til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði algjörlega sýknaður fyrir kærum og kröfum hins stefnda, Gests Pálssonar; svo krefst hann og þess, að hinn stefndi verði, hvernig sem úrslit málsins annars verða, dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu.

Hinn stefndi krefst þess á hinn bóginn, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu, og að hann verði sektaður fyrir rit-mátann á sóknarskjali hans, dags. 12. sept. p. á.

Ástæðurnar fyrir ómerkingarkröfu áfrýjanda eru þær, að undirdómarinn hafi eigi nægilega leiðbeint honum í bæjarþingsrjettinum 23. júní p. á., og að hann þá hafi neitað honum um frest til að fá skýrslu vitnis eiðfesta. En skjöl málsins bera það ekki með sjer, að áfrýjandi

hafi óskað sjerstaklegrar leiðbeiningar dómarans við rjett-arhaldið hinn 23. júní þ. á., og eigi voru atvik máls-ins þá svo vaxin, að dómaranum bæri sjerleg skylda til þess, að leiðbeina honum um máls-medferðina, og að dómarinn á hinn bóginn eigi hafi gætt þeirrar *almennu* skyldu, að leiðbeina máls-viðeigendum, *in casu* áfrýjanda, er allsendis ósannað. Þar sem dómarinn við ný-nefnt rjett-arhald, sakir mótmæla hins stefnda, neitaði áfrýjandanum um frest, til að fá staðfesta með eiði skýrslu vitnis, er þá var fram lögð, verður eigi betur sjð, en að þessi neit-un dómarans hafi verið á gildum rökum byggð, því að eiðfesting áminnztrar skýrslu gat enga þýðingu haft fyrir úrslit máls þessa. Krafa áfrýjanda um ómerkingu dómsins og heimvísun verður því ekki til greina tekin.

Að því er snertir aðal-efni málsins, þá hefur áfrýjandi þegar frá upphafi staðfastlega neitað því, að kviðlingur-inn í »Fjallkonunni« hafi verið stílaður til hins stefnda. Ýms vitni hafa verið heyrð í málinu um þetta atriði, og hafa 3 þeirra skýrt svo frá, að þeim hafi ekki komið til hugar, þegar þau fyrst lásu kviðlinginn, að hann væri stílaður til stefnda; 3 vitni hafa borið það, að þau hafi álitnið, að kviðlingurinn væri stílaður til hans; 4 vitni hafa borið, að þau hafi orðið þess áskynja, að aðrir menn hafi haft þetta sama álit um kviðlinginn, og 2 vitni hafa algjörlega neitað, að láta uppi álit sitt um þetta máls-atvik. Það er þó eigi með vitnisburðum þessum um hugboð og álit ýmsra manna fengin sönnun fyrir því, að það hafi verið almennings álit, að kviðlingurinn væri ortur um stefnda, og þá enn síður fyrir hinu, að áfrýjandi hafi beint honum að stefnda, eða prentað hann í blaði sínu í því skyni, að hann yrði

heimfærður upp á stefnda, en til að sanna, að svo hafi þó verið í raun og veru, hefur stefndi ennfremur sjerstaklega dregið fram tvö máls-atvik, sem sje það að áfrýjandi hafi sent sjer það tölublað »Fjallkonunnar«, sem kviðlingurinn var prentaður í, þótt stefndi eigi væri kaupandi blaðsins og eigi hefði það verið venja áfrýjanda, að senda honum það endrar-nær, og hitt það, að í síðasta vísu-orði kviðlingsins er orðið »há-suðri« prentað með mjög breyttu letri, þannig að síðara atkvæðið er prentað með upphafs-stöfum einum. Þótt nú hið fyrra atríðið væri sannað í málinu, sem þó eigi er fyllilega, þá verður þó eigi með nægilegri vissu af framan-greindum málsatvikum ályktað, að hinn átaldi kviðlingur sje ortur um og stílaður til stefnda. Það ber því að sýkna áfrýjandann í máli þessu, að því er sekt fyrir meiðyrði snertir, en fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu fyrir yfir-dóminum á hann að greiða sekt, 10 kr. til landsjóðs og 10 kr. til fátækra sjóðs Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Valdemar Ásmundarson, á að greiða 10 kr. sekt til landsjóðs og 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur-kaupstaðar, en sje að öðru leyti sýkn fyrir kærnum og kröfum stefnda, Gests Pálssonar, í máli þessu.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.